



# BÆRINN OKKAR

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavíki

3. tölublað 2005 • 1. árgangur



*Gledileg jól og farsælt komandi ár*

*Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavíki  
óskar bæjarbúum  
gledilegra jóla og farsældar á komandi ári  
með þökk fyrir ánægjulegt samstarf á árinu.*

*Hældum áfram uppi jákvæðu  
merki Reykjavíkar, öflugs atvinnulífs,  
manngildis, heilbrigðis og hamingju!*



## Yfir 11.300 íbúar auka tekjur og efla mannlíf


“Sú breyting sem er mest áberandi í ár er hversu mikill fjöldi fólks flytur af höfuðborgarsvæðinu til Suðurnesja umfram þá sem flytja á Innnes þaðan. Munar um 350 manns fyrstu 9 mánuðina. Suðurnesin fá einnig til sín fólk annars staðar af landsbyggðinni svo og frá útlöndum. Alls hafa Suðurnes fengið til sín 500 manns umfram brottflutta það sem af er ári” Úr vefriti fjármálaráðuneytisins 10. nóv. 2005.

Íbúum hefur fjölgað um 3,5% á þessu ári í Reykjanesbæ. Mun fleiri íbúar af landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu sjá Reykjanesbæ sem áhugaverðan valkost til búsetu. Með því að bregðast skjótt við í uppbyggingu nýrra hverfa, styrkingu þjónustu við fjölskyldur og endurbótum í umhverfismálum, hefur Reykjanesbæ tekist að nýta sér þau miklu tækifæri til að styrkja stöðu bæjarfélagsins með fjölgun íbúa.

Íbúafjöldi í Reykjanesbæ stóð nánast í stað á árunum 2001 til 2004 en nú er svo komið að íbúafjölgun í Reykjanesbæ er langt yfir landsmeðaltali. Áætlað er að íbúum fjölgi um 500 á næsta ári. Spár gera ráð fyrir að íbúar verði orðnir tólf þúsund snemma árs 2007.

## Mestu fé varið til fræðslu- og uppeldismála

Samkvæmt fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar fyrir árið 2006 er um 49% útgjalda bæjarsjóðs varið til uppeldis- og fræðslumála. Þetta er í samræmi við þær skyldur sem Reykjanesbær tekur á sig við uppbyggingu og rekstur leikskóla og grunnskóla og áherslur sjálfstæðismanna að styrkja uppeldisstarf og menntun í samfélaginu



## Áfram hugað að skólabyggingum

Með því að láta eignarhaldsfélagið Fasteign hf., sem bærinn er eigandi að, annast allt utanhússviðhald, sem hluta af leigukostnaði, er áberandi hversu vel er hugsað um eignir bæjarins, þar á meðal skóla. Eftir áramót verður Holtaskóli allur klæddur að utan, þar sem farið var að bera á lekaskemmdum. Þetta er liður í viðhaldskostnaði sem ekki er aukakostnaður fyrir Reykjanesbæ.

Þá verður haldið áfram við uppbyggingu Akurskóla í ört stækkandi nýjum hverfum. Eftir áramót hefst þar bygging íþróttahúss og kennslulaugar.



## Styrking barnaverndar

Reykjanesbær hefur ákveðið at stuðla að bættri þjónustu við barnafólk á landsvísi með stuðningi við stofnun Rannsóknarseturs í barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands.

Rannsóknir á þessu sviði hafa því miður verið af skornum skammti á Íslandi og því erfitt að ráða í ýmsar spurningar sem vaknað hafa um bestu leiðir í forvörnum. Vandadar rannsóknir eru undirstaða þess að vel sé unnið.

Þá verður þjónusta í barnaverndarstarfi styrkt enn frekar í Reykjanesbæ með auknum starfskrafti, en Fjölskyldu- og félagsþjónusta bæjarins nýtur virðingar fagfólks, ekki síst fyrir vandað skipulag barnaverndarstarfs.

## Samhæft forvarnarstarf

Í kjölfar fjölskylduráðstefnu sem bærinn boðaði til í haust, komu fram áhugaverðar ábendingar um að samræma betur forvarnarstarf allt frá því foreldrar leita til heilbrigðisstofnunar vegna nýja barnsins og fram á unglingsár. Mikill vilji er hjá öllum aðilum til samstarfs, Heilbrigðisstofnun, foreldrum, dagmæðrum, starfsfólki leikskóla og grunnskóla, auk starfsmanna Reykjanesbæjar. Samræmingin kallar á að við leggjum fram sérstakt fjármagn í þessa undirbúningsvinnu. “Við ætlum að hugsa forvarnir alla leið og samhæfa viðbragð samfélagsins við málum sem þarf að leysa” segir Árni Sigfússon bæjarstjóri.

## Engir biðlistar og engar hækkanir á leikskólagjöldum

Af starfsmönnum leikskóla er hlutfall leikskólakennara of lágt. Starfsmannavelta ófaglærðra starfsmanna hefur verið hröð sem skapar erfið skilyrði til að veita sem besta þjónustu. Þrátt fyrir þessar erfiðu aðstæður hefur starfsfólki leikskólanna tekist að skila frábæru starfi að mati foreldra og bæjaryfirvalda. Það staðfesta þjónustukannanir sem gerðar hafa verið. Engir biðlistar eru á leikskólana. Stefnt hefur verið að því að a.m.k. einn leikskólakennari starfi á hverri deild fyrir árið 2006.

Í fjárhagsáætlun 2006 er ekki gert ráð fyrir hækkan á hlutdeild foreldra í leikskólagjaldi, þrátt fyrir hækkanir á kostnaði. Nýlega var samþykkt að hækka laun ófaglærðra starfsmanna til að leggja að jöfnu störf ófaglærðra á grunnskólum og leikskólum. Þetta er gert í formi árangurstengingar sem leikskólastjórar stýra hver á sínum stað. Nú er verið að huga að stækkun leikskóla í eldri hverfum og nýjum leikskóla í Innri-Njarðvík.

## Greiðslur til yngstu barna hækka

Sjálfstæðismenn hafa lagt til að hækka stuðning til foreldra sem nýta þjónustu dagmæðra í 25 þúsund krónur á mánuði fyrir fulla vistun. Stór hluti þessarar niðurgreiðslu mun koma beint til foreldra í formi lægri kostnaðar þeirra. Að sögn Árna Sigfússonar bæjarstjóra koma greiðslur bæjarins inn þegar barnið er 9 mánaða gamalt og þar til barnið fer í leikskóla. Áfram gildir að einstæðir foreldrar njóta þjónustunnar frá 6 mánaða aldri barnsins, þegar fæðingarorlofi lýkur. Þessar greiðslur geta því samtals numið um 4-500 þúsund kr. eftir aðstæðum.

“Dagmæður í Reykjanesbæ eru vandaður hópur sem gerir ekki háar launakröfur en á auðvitað skilið að njóta svipaðra launaleiðréttinga og aðrir”, segir Árni. Hann segir að með þessari hækkan sé þó gert ráð fyrir að stærstur hluti niðurgreiðslunnar komi beint til foreldra í formi lægri útgjalda þeirra.



## Fjör og fræðsla í Frístundaskóla

Sú nýbreytni sem komið var á í kjölfar tillögu sjálfstæðismanna um samþættingu á þjónustu við yngstu grunnskólabörnin, eftir skólalag, hefur vakið mikla athygli á meðal annarra sveitarfélaga. Sérstaklega hefur þótt jákvætt að hægt var að virkja samstarf íþróttafélaganna um að tengja íþróttastarf inn á dagtíma barnanna, og að Frístundaskólinn gæti séð um akstur með börnin í íþróttir, tónlist eða annað sem sækja þurfti á deginum. Gjaldið er óbreytt, kr. 8500 á mánuði og þar eru innifalinn æfingagjöld íþróttafélaga, akstur með börnin og hressing. Þá mun Frístundaskólinn áfram huga að úrræðum fyrir fótluð börn, en skipulag í Öspinni við Njarðvíkurskóla reynist vera hentugt úrræði.


## Góður árangur í fjölgun réttindakennara grunnskóla

Eitt af megin verkefnum í uppbyggingarstarfi grunnskóla í bænum hefur verið að fjölga kennaramenntuðum starfsmönnum. Þetta verkefni var sett á oddinn þegar sjálfstæðismenn náðu meirihluta í bæjarstjórn árið 2002 og var fjöldi réttindakennara þá um 70% og stefnt að því að hann næði 85% marki innan 4 ára. Samstarf skólastjórnenda og fræðsluyfirvalda um verkefnið hefur skilað enn betri árangri því næsta haust er gert ráð fyrir að hlutfallið verði komið yfir 90%.



## Stórbætt aðstaða til keppnishalds, heilsueflingar og leikja Með nýrri sundlaug og vatnagarði

Ný 50 metra sundlaug sem opnuð verður í apríl n.k. stórbætur aðstöðu grunnskólanna Holtaskóla og Myllubakkaskóla til sundkennslu. Þá er sköpuð aðstaða fyrir keppnisfólk okkar í sundíþróttinni, sem hefur afrekað gríðalega þrátt fyrir fremur bágbornar aðstæður. Á milli útilaugarinnar og nýju innisundlaugarinnar verður settur upp vatnagarður fyrir yngstu kynslóðina. “Á íbúafundum með bæjarstjóra hefur oft verið velt upp hugmyndum um leiðir til að skapa betri tólmstundatækifæri fyrir yngstu börnin og hér er kærkomið slíkt tækifæri” segir Sigríður Jóna Jóhannesdóttir bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.



## Álagningarhlutföll fasteigna lækka

Fasteignagjöld íbúðarhúsnæðis munu lækka nú um áramótin til samræmis við áætlaðar hækkunir á fasteignamati á árinu. Þannig mun bærinn skila til íbúðareigenda sambærilegri lækkun og hækkun fasteignamatsins kann að vera. “Hver fermetri í íbúðarhúsnæði verður því áfram mun lægri í skattheimtu hér en á höfuðborgarsvæðinu. Samt náum við auknum tekjum, því fjöldi fasteigna er að aukast verulega í Reykjanesbæ”, segir Böðvar Jónsson bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og formaður bæjarráðs.

Böðvar bendir á að einnig hefur verið ákveðið að veita 25% afslátt af lóðarleigu allra þeirra sem greiða 2% lóðarleigu af lóðarmati og greiða eftir áramótin 1,5%. Þannig er dregið úr mismun sem verið hefur á milli þeirra sem greiða lóðarleigu sem hlutfall af fasteignamati lóðar og þeirra sem greiða samkvæmt hlutfalli af verkamannakaupi.

## Hjúkrunarheimilið risið 2007

Með samkomulagi sem Reykjanesbær náði við Heilbrigðisráðuneytið og stjórn Dvalarheimilis aldraðra á Suðurnesjum, verður hafist handa við byggingu hjúkrunarheimilis í Reykjanesbæ í byrjun árs 2006. Þrjátíu hjúkrunaríbúðir fyrir einstaklinga verða teknar í notkun á miðju ári 2007. Samkvæmt samkomulaginu hefur heilbrigðisráðuneytið nú þegar lagt til 10 hjúkrunarpláss til Hlévangs, sem munu færast á nýja hjúkrunarheimilið þegar það er tilbúið. Að auki koma 10 hjúkrunarpláss í gegnum samstarf við HSS og 10 frá Garðvangi, um leið og aðstaða þar verður bætt og hópherbergjum verður fækkað. Í vor var auglýst eftir samstarfsaðilum um verkefnið til uppbyggingar og reksturs og nú fyrir áramót samið við félagið Nesvelli um verkefnið. DS sér um rekstur hjúkrunarheimilisins, Reykjanesbær um félags- og þjónustumiðstöðina og Nesvellir um heildarskipulag, öryggisíbúðir og almennar íbúðir á svæðinu.

Samráðshópar með fulltrúum DS, félags eldri borgara, HSS og starfssviðum Reykjanesbæjar verða boðaðir að verkefninu á næstu vikum.

Þótt gert sé ráð fyrir aðstöðu Alzheimer sjúklinga í tengslum við nýja hjúkrunarheimilið 2007 verður á næsta ári hugað betur að stuðningi við þennan ört stækkandi hóp í okkar samfélagi.



## Víða möguleikar á nýbyggingum - ekki dregur úr eftirspurn

Með því að hefja strax uppbyggingu nýrra hverfa í Reykjanesbæ þegar sjálfstæðismenn voru kosnir til meirihluta í bæjarstjórn vorið 2002, hefur Reykjanesbær náð að laða til sín nýja íbúa. Tekjur bæjarfélagsins hafa aukist til muna þrátt fyrir að fasteignagjöld séu hófleg og útsvar undir meðaltali sveitarfélaga.

Enn er gríðarleg eftirspurn eftir íbúðum í Reykjanesbæ og uppbyggingu nýrra hverfa verður því haldið áfram af fullum krafti, bæði í Keflavík, Njarðvík og Innri Njarðvík.

Steinþór Jónsson formaður Umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar og Björk Guðjónsdóttir forseti bæjarstjórnar, sem einnig á sæti í Skipulagsráði, benda á að vonir standi til að mjög áhugaverð svæði komi til framkvæmda á næsta ári. M.a. er um að ræða svæðið Keflavíkurmegin á Nikkelsvæðinu (Hlíðahverfi) sem Húsagerðin keypti og skipuleggur í samstarfi við bæinn. Það tengist nýjum þjóðvegi frá Reykjanesbraut neðan flugvallar og niður að Reykjaneshöll, inn á Njarðarbraut.

Pau Björk og Steinþór benda á að búið er að skipuleggja áframhald Ásahverfis (norðan Steináss og Klettáss og neðan Grænáss). Einnig er unnið að frekari nýbyggingarsvæðum austan Tjarnahverfis í Innri-Njarðvík, sem bera nafnið Dalshverfi og Hæðahverfi.

Áfram verður unnið að umhverfisbótum, viðhaldi gatna og göngustíga og kraftur settur í garðyrkjumál.



## Aukin tækifæri í ferðþjónustu



Alþjóðaflugvöllurinn er vissulega stóriðja Reyknesinga. Á næstu árum er ráðgert að stækka Leifsstöð og leggja á 7. milljarð króna í bygginguna. Farþegafjöldi á þessu ári nemur um 1,8 milljón. Hundruð starfa munu skapast í flugþjónustu á næstu árum, bæði tengt lög- og tollgæslu og þjónustu- og eftirlitsstörfum við flugið.

Sjálfstæðismenn hafa lagt áherslu á að nýta þau tækifæri sem aukinn umferð um völinn gefur í ferðþjónustu í Reykjanesbæ. Til þess þarf að skapa nógu sterkan segul fyrir ferðamenn sem laðar þá af Reykjanesbrautinni.

Með stuðningi ríkisstjórnarinnar við uppbyggingu sýningarhúss fyrir Íslending og söguslóðakynningu, auk aðstoðar Smithsonian safnsins í Bandaríkjunum, sem leggur til sýningarmuni og gögn, eru flestir á einu máli um að hér verði myndarlegt framlag okkar til sögukynningar við hliðið inn í landið. Í sýningaradstöðu hefur aldrei verið gert ráð fyrir skemmtistað, eins og einhverjir hafa haldið fram heldur lögð áhersla á sögukynningu með skemmtilega fræðslu fyrir alla aldurshópa.

Samhliða þessu verða merkingar bætтар fyrir ferðamenn á næsta ári og skerpt á ýmsum áhugaverðum upplýsingum s.s. um fuglaskoðun, fjallasýn, listgallerí, söfn, veitingastaði, verslanir, gönguleiðir, sjósport osfrv.

## Menningin blómstrar

Ljósanótt í Reykjanesbæ er orðin ein af 3 stærstu útihátíðum á landinu. Það var fyrir tilstuðlan Steinþórs Jónssonar bæjarfulltrúa sjálfstæðisflokksins sem Ljóshátíðinni var komið á og hann hefur leitt þá miklu vinnu sem fram fer á hverju ári vegna hennar.

Á Ljósanótt gefst gott tækifæri til að kynna þeirri miklu grósku sem er í menningarlífi bæjarbúa. Allir salir eru fullnýttir undir listsýningar, myndlist, leiklist og tónlist gert hátt undir höfði.

Björk Guðjónsdóttir forseti bæjarstjórnar hefur ótraud haldið uppi merki menningarmála í bæjarstjórn og leggur áherslu á að lokið verði við gerð menningarstefnu í samráði við menningarhópa.

Á hverju ári frá 2002 hefur bæst við aðstöðuna í Duus húsum þar sem sýningarsalur Listasafns Reykjanesbæjar var næstur á eftir Bátasafni Gríms Karlssonar, þá tók Gryfjan við sem nú hýsir Poppminjasýningu og nú á að vinna við Bíóhúsið. Framundan er að ákveða staðsetningu sýningarhúss Bygðasafnsins en Menningar- íþrótt- og tólmundaráð hefur einróma lagt til að því verði komið fyrir við aðstöðu Víkingaheims í Njarðvík.

## Tónlistin er okkar stolt

Tónlistarskóli Reykjanesbæjar nýtur mikillar virðingar á meðal tónlistarfólks á Íslandi. Tónlistaraðstaða innan grunnskólanna þykir til fyrirmyndar og einnig að frítt skuli vera fyrir öll börn fyrstu tvö árin í forskóla tónlistar. Þá hefur þess jafnan verið gætt að gjöld í tónlistarskólann séu mjög samkeppnishæf við höfuðborgarsvæðið.

En þegar kemur að aukinni sérhæfingu eru húsnæðisaðstæður utan grunnskólanna mjög bágbornar. Því er nú hugað að nýju húsnæði fyrir tónlistina, tengt Stapanum, sem er í sjálfu sér sögusafn dægurlagatónlistar á Íslandi. Góðir skólastjórnendur og kennarar hafa unnið frábært verkefni í uppbyggingu tónlistarinnar. Þetta starf viljum við sjálfstæðismenn efla enn frekar með uppbyggingu tónlistarmiðstöðvar og poppminjasafns sem tengt verður Stapanum. "Þetta er í samræmi við kosningaloforð og stefnumótun okkar sem lögð var fram í bæjarstjórn 2002. Nú eru starfsmenn tónlistarskólans og fræðslufirvöld að fara yfir grunnhugmyndir og kynna fljótlega tillögur um málið" segir Árni Sigfússon.

## Íþróttasvæði ofan Reykjaneshallar.

Áhersla verður á að útvega UMFN aðstöðu á svæðinu.

Um leið og undirbúningur að þjónustusvæði eldri borgara hefst á Njarðvíkurvöllum, með tilheyrandi hjúkrunarheimili og félags- og þjónustumiðstöð, verður hafist handa við nýtt og glæsilegt æfingarsvæði vestan Reykjaneshallar. Byrjað verður á aðstöðu UMFN til knattspyrnuæfinga og gerð vallar- og félagshúss.



## Helguvík tekin að skila tekjum

Á undanförunum 10 árum hafa útgjöld vegna hafnaframkvæmda verið verulega umfram þær tekjur sem Reykjaneshöfn hefur haft af starfsemi.

Þorsteinn Erlingsson, bæjarfulltrúi og formaður Atvinnu- og hafnaráðs segir að sú fjárfesting og kynning á Helguvík, sem unnið hefur verið að sl. 3 ár, sé loks að skila sér í auknum tekjum til hafnarinnar. Þorsteinn segir aðstöðuna einnig vera forsendu fyrir atvinnuuppbyggingu til framtíðar og þannig sterkum tekjustofnum.

Með því að skapa betra uppland frá höfninni, var efni þaðan tekið og sett í landfyllingar og grjótvargarða með strandlengjunni frá Keflavík og inn í Innri Njarðvík. Það verk fékkst að stærstum hluta greitt úr ríkissjóði. Mikið efni var einnig nýtt í fyllingu undir væntanlegar lóðir í Helguvík. Nú eru fyrirtæki að hefja byggingar á þessum lóðum og því eru gatnagerðargjöldin að skila sér



Rafverkstæði I.B. ehf.

Fitjabakka 1a - 260 Reykjanesbæ - Sími 421 2136 - Fax 421 2536



HITAVEITA  
SUÐURNESJA HF



DACODA

Húsgagnaverslunin  
Kjarni - Smart

Kaskó

Íslenskir  
Aðalverktakar

Matarlyst

**XD**Reykjanes.is

Útgefandi: Fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Reykjanesbæ  
Ábyrgðarmaður: Viktor B. Kjartansson, formaður.  
Ljósmyndir: Oddgeir Karlsson og Sigríður Jóna Jóhannesdóttir  
Prentvinnsla: Grágás ehf.

